

Innra mats skýrsla vor 2023

Oddeyrarskóli
Akureyrarbær

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Ytra mat	4
Starfsáætlun um innra mat	4
Niðurstöður innra mats skólaárið 2022-2023	5
Umbótaáætlun 2022	6
Nám og kennsla matsþættir skólaárið 2022-2023	6
Sýn og stefna Oddeyrarskóla matsþættir skólaárið 2022-2023	7
Stjórnun og fagleg forysta Oddeyrarskóla matsþættir skólaárið 2022-2023	8
Heildarniðurstaða innra mats skólaárið 2022-2023	9
Umbótaáætlun skólaársins 2023-2024	10
Nám og kennsla	10
Stjórnun og fagleg forysta	14
Lokaorð	16

Inngangur

Þessi skýrsla fjallar um ytra og innra mat á skólastarfi Oddeyrarskóla. Megináhersla gæðateymis í innra mati á skólaárinu 2022-2023 er mat á völdum þáttum úr stefnu skólans, mat á stjórnun og faglegri forysti og að vinna að og meta þætti í umbótaáætlun í kjölfar vorskýrslu Oddeyrarskóla 2022.

Skólinn fór síðast í ytra mat haustið 2015 en það mat var framkvæmt af Menntamálaráðuneyti. Umbótum var að fullu lokið í júní 2020 utan skólalóðar en búið er að bæta setja upphitaðan körfuboltavöll á lóðina og bæta verulega leiksvæði yngri barna. Umbótum í kjölfar ytra mats árið 2015 er lokið og við tekur kerfisbundið innra mat sem byggir á gæðakerfi skólans og reglubundnu mati á því. Skýrslu lýkur með umbótaáætlun.

- **Helstu matsþættir innra mats skólaárið 2022-2023.**
 - Innra mat (2020-2021)
 - Náms og kennsla (2021-2022)
 - Stjórnun og fagleg forysta (2022-2023)
 - Umbótaáætlun vor 2022
 - Sýn og stefna (alltaf valdir þættir á hverju ári)

Umbótaáætlun vor 2022	Umbótaáætlun vor 2022 vegna náms og kennslu	Sýn og stefna Oddeyrarskóla matsþættir skólaárið 2022-2023	Stjórnun og fagleg forysta matsþættir 2022-2023
<ul style="list-style-type: none">● Heilsueflandi grunnskóli● Líðan nemenda● Aðbúnaður og líðan starfsmanna	<ul style="list-style-type: none">● Inntak og námskrá● Árangur● Gæði kennslu● Skipulag náms● Námsvitund● Ábyrgð og þátttaka	<ul style="list-style-type: none">● Jákvæður skólabragur● Áhugi● Metnaður	<ul style="list-style-type: none">● Samvirkni í stefnumótun● Faglegt samstarf og samræða● Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu● Umbætur og innleiðing breytinga● Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir● Starfsmannastjórnun og verkaskipting

Við lok skólaársins 2023 er staðan þannig að búið er að endurskoða alla þætti *innra mats* skólans og setja gæðaviðmið um innra mat. Valdir þættir úr *sýn og stefnu skólans* hafa verið metnir á hverju ári en til einföldunar verða þeir framvegis settir inn í aðra flokka, s.s. *innra mat, nám og kennsla* og *svo stjórnun og fagleg forysta*. Í matinu er miðað við matsviðmið Akureyrarbæjar svo matið er yfirgripsmikið. Hér fyrir neðan má sjá hvernig gæðaráð, starfsfólk skólans, nemendur og aðrir hagsmunaaðilar lögðu mat stöðuna út frá gæðaviðmiðum skólans.

Áætlun Oddeyrarskóla til fjögurra ára er að finna á [heimasíðu skólans](#) en þar verður þessi skýrsla einnig birt.

Gæðateymi Oddeyrarskóla 2022-2023

Anna Bergrós Arnarsdóttir, Fjóra Kristín Helgadóttir, Margrét Th. Aðalgeirsdóttir, Halldór Arason og Bergdís Sigfúsdóttir fram að áramótum.

Ytra mat

Menntamálastofnun gerði ytra mat á skólastarfi Oddeyrarskóla í október 2015. Ytra mat er mikilvægt tæki fyrir leik- og grunnskóla til að skólasamfélagið geti áttað sig á því hvar styrkleikar skólastarfsins liggja og hvert skal halda. Skýrsluna má sjá hér. Umbótum er nú lokið og innra mats skýrsla og umbætur í kjölfar innra mats hafa tekið við og unnið samkvæmt langtímaáætlun skólans um innra mat.

Starfsáætlun um innra mat

Í gæðaráði Oddeyrarskóla sitja skólastjóri, tveir deildarstjórar og tveir fulltrúar kennara. Um áramót hætti annar kennarinn í gæðaráði og ákveðið var að fylla ekki í það skarð og ljúka vinnu þetta árið með því fólki sem sat í ráðinu. Gæðaráð hittist vikulega og fór yfir þau verkefni sem sett höfðu verið upp í starfsáætlun gæðaráðs fyrir árið 2022-2023. [Starfsáætlun gæðaráðs fyrir skólaárið 2022-2023](#) má finna hér. Starfsáætlun var unnin að hausti 2022 og gekk vel að fylgja henni eftir á skólaárinu.

Meginmarkmið gæðaráðs þetta skólaár var að meta stjórnun og faglega forystu með tilliti til gæðaviðmiða Akureyrarbæjar en jafnframt skoða valin verkefni sem einkennandi eru fyrir skólastarfið í Oddeyrarskóla. Þá var rýnt í umbótaáætlun frá vori 2022 og hvernig tekist hefur til við að bæta þá þætti sem þar koma fram að þarfnist úrbóta.

Niðurstöður innra mats skólaárið 2022-2023

Í þessum kafla er rætt um niðurstöður innra mats en gert er ráð fyrir að niðurstöðurnar séu lagðar fram í fimm meginþáttunum þó þannig að ár hvert sé áhersla á einn þátt í innra mati til viðbótar völdum þáttum úr sýn og stefnu skólans ásamt mati á umbótaáætlun skólaársins.

Innra mat. Viðmið Akureyrarbæjar - [Innra mat](#) Vor 2021

Stjórnun og fagleg forysta, Viðmið Akureyrarbæjar - [Stjórnun og fagleg forysta - matslisti 4. útgáfa.](#) Vor 2023

Nám og kennsla Viðmið Akureyrarbæjar - [Nám og kennsla](#) Vor 2022

Valdir þættir úr sýn og stefnu skólans - Viðmið skólans - sjá [Matsáætlun Oddeyrarskóla](#)

Umbótaáætlun vorið 2022 [af heimasíðu](#)

Í niðurstöðukafla er fjallað um helstu niðurstöður innra matsins út frá markmiðum skólans, það er að segja hvernig hefur gengið að ná þeim fram.

- Gögn: Niðurstöður mats - matslistar, rýnihópar, mat á kennslu, gátlistar.
 - Matið sjálf fer þannig fram að matsteymi og/eða önnur teymi fara yfir öll gögn, ræðir niðurstöður og ber saman viðmiðin.
 - **RAUTT** - Mikilla umbóta er þörf á flestum eða öllum þáttum. Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið skólans um gæðastarf á mörgum mikilvægum þáttum.
 - **GULT** - Meiri veikleikar en styrkleikar. Viðunandi verklag, uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast umbóta
 - **LJÓSGRÆNT** - Meiri styrkleikar en veikleikar. Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi
 - **GRÆNT** - Flestir eða allir þættir sterkir. Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.

Umbótaáætlun 2022

Skv. umbótaáætlun vorið 2022 var áhersla á að vinna með þætti úr námi og kennslu og nokkra þætti úr sýn og stefnu skólans Niðurstaða - Í töflunum hér neðar má sjá hvernig til tókst að vinna með þætti úr vorskýrslu 2022 sem þörfuðust umbóta.

Sýn og stefna Oddeyrarskóla matsþættir skólaárið 2022-2023

Sýn og stefna skólans matsþættir vor 2023	Helstu umbætur úr sýn og stefnu skólnas ef ekki dökkgrænt. Fer inn í umbætur á <i>námi og kennslu</i> .
Heilsueflandi grunnskóli	Kemur fram í mati á umbótaáætlun.
Líðan nemenda	Vellíðunarþáttur í skólapúlси minnkaði úr 3.4 í 3.3, Eineltisþáttur í skólapúlси fór úr 6.8 í 6.7, sjálfsálit í skólapúlси fór úr 3.4 í 3.6. Aðgerðir koma fram í umbótaáætlun.
Aðbúnaður og líðan starfsmanna	Samstarf milli skóla ?
Jákvæður skólabragur	Umbætur gengu eftir og haldið verður áfram á sömu braut. Ánægju foreldra með nám og kennslu og agastjórnun í skólanum metin í foreldrakönnun skólaárið 2023-2024.
Áhugi	Ánægja af lestri hefur aukist og náð landsmeðaltali 4.3, áhugi á stærðfræði hefur aukist lítillega, 3.8 og er enn marktækt undir landsmeðaltali, ánægja af náttúrufræði hefur aukist lítillega er 3.7, og er enn marktækt undir landsmeðaltali.
Metnaður	Þrautseigja í námi er samkvæmt skólapúlси 4.1 og vikur 0.3 frá landsmeðaltali, sem er ekki marktækur munur
Jákvæður skólabragur	Nemendaráð var virkara en áður, foreldrakönnun sýnir að minni ánægja 5,1 með nám og kennslu (viðmið 5,8) en ætlað var, 75,6% foreldra telja hæfilegan aga í skólanum (viðmið 80%).

Nám og kennsla matsþættir skólaárið 2022-2023

Nám og kennsla vor 2023	Helstu þættir úr gæðaviðmiðum sem þurfa umbætur ef ekki dökkgrænt
Inntak og námskrá	Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna þarf að fjalla um hjá öllum nemendum.
Árangur	Nemandinn er virkur þátttakandi í mati á eigin framförum, m.a. með leiðsagnarmati sem byggist á markmiðum og viðmiðum. Nemendur gera eigin námsáætlanir, í samvinnu við kennara og foreldra, með markmiðum um fjölbreytt og skapandi viðfangsefni.
Gæði kennslu	Nemendur taka þátt í ákvörðunum um viðfangsefni og skipulag í námi hópsins. Nemendur setja sér markmið um nám sitt og skipulag þess í samráði við kennara og foreldra, m.a. með hliðsjón af áhugasviði og námsstöðu. Nemendur þekkja eigin námsstíl og hafa val um margvíslegar leiðir að markmiðum sínum.
Skipulag náms	Grenndarsamfélag skólans er markvisst nýtt til náms og verkefni nemenda bera þess merki. Nemendur nýta upplýsinga- og samskiptatækni til að meta eigin framfarir.
Námsvitund	Nemendur sýna námi sínu áhuga og eru virkir í kennslustundum.
Ábyrgð og þátttaka	Samvinna og stuðningur ríkir innan nemendahópsins.

Sýn og stefna Oddeyrarskóla matsþættir skólaárið 2022-2023

Sýn og stefna skólans matsþættir vor 2023	Helstu þættir sem þurfa umbætur ef ekki dökkgrænt
Heilsueflandi grunnskóli	Aukin forvarnarfræðsla til nemenda, foreldra og starfsfólks sbr. gátlista um lífsleikni og aukin hreyfing.
Líðan nemenda	Velliðunarpáttur í skólapólusi minnkaði úr 3.4 í 3.3, Eineltisþáttur í skólapólusi fór úr 6.8 í 6.7, sjálfssalit í skólapólusi fór úr 3.4 í 3.6. Aðgerðir koma fram í umbótaáætlun.
Aðbúnaður og líðan starfsmanna	
Jákvæður skólabragur	Umbætur gengu eftir og haldið verður áfram á sömu braut. Ánægju foreldra með nám og kennslu og agastjórnun í skólanum metin í foreldrakönnun skólaárið 2023-2024.
Áhugi	Ánægja af lestri hefur aukist og náð landsmeðaltali 4.3, áhugi á stærðfræði hefur aukist lítillega, 3.8 og er enn marktækt undir landsmeðaltali, ánægja af náttúrufræði hefur aukist lítillega er 3.7, og er enn marktækt undir landsmeðaltali.
Metnaður	Þrautseigja í námi er samkvæmt skólapólusi 4.1 og víkur 0.3 frá landsmeðaltali, sem er ekki marktækur munur

Stjórnun og fagleg forysta Oddeyrarskóla matsþættir skólaárið 2022-2023

Stjórnun og fagleg forysta matsþættir vor 2023	Helstu umbætur ef ekki dökkgrænt
Samvirkni í stefnumótun	
Faglegt samstarf og samræða	
Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu	Innra mat nær til frístundastarfs og gæðaviðmið MMR/Rvkborgar (eða sambærilegt) nýtt til innra og ytra mats. Skólinn stendur fyrir fræðslufundi á haustin fyrir fulltrúa foreldra og grenndarsamfélags sem gegna trúnaðarstörfum í stjórnun og ráðum skólans. Lögð er rækt við að segja frá jákvæðum viðburðum eða fréttum.
Umbætur og innleiðing breytinga	
Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir	Allir sem koma að skólastarfi, þar með talið verktakar undirrita skjal um trúnað og þagnarskyldu. Starfsmönnum og öllum verktökum sem að skólastarfinu koma eru reglulega kynnt lög um persónuvernd og trúnað.
Starfsmannastjórnun og verkaskipting	
Leiðtogahæfni stjórnenda og starfsmanna	

Heildarniðurstaða innra mats skólaárið 2022-2023

Sýn og stefna		Stjórnun og fagleg forysta metið 2022-2023		Nám og kennsla		Innra mat
Jákvæður skólabragur	Heilsueflandi grunnskóli	Faglegt samstarf og samræða	Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir	Inntak og námskrá	Skipulag náms	Skipulag
Áhugi	Líðan nemenda	Samvirkni í stefnumótun - stefnumótun og skipulag	Starfsmanna-stjórnun og verkaskipting	Árangur náms	Námssvitund	Framkvæmd
Metnaður	Aðbúnaður og líðan starfsmanna	Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu	Leiðtogahæfni stjórnenda og starfsmanna	Gæði kennslu	Ábyrgð og þátttaka	Umbætur
		Umbætur og innleiðingar breytinga				

Umbótaáætlun skólaársins 2023-2024

Á skólaárinu lagði gæðaráð mat á umbótaáætlun fyrra árs, valda þætti úr sýn og stefnu skólans og mat á stjórnun og faglegri forystu. Ákveðið var að hafa ekki lengur sérstakan kafla um sýn og stefnu skólans heldur fella undir nám og kennslu þannig að búið er að sameina þessa tvo þætti undir nám og kennslu. Einnig var gerð umbótaáætlun fyrir stjórnun og faglega forystu sem var matspáttur ársins 2022-2023. Umbótaáætlun telur því tvo meginkafla núna en ekki þrjá eins og síðustu ár. Er það gert til einföldunar og til að vera með sama form og aðrir skólar Akureyrarbæjar.

Nám og kennsla							
Inntak og námskrá	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
1	Tryggt er að tekið sé á viðfangsefnum Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.	Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna til umfjöllunar alls staðar. Tekið verður á Barnasáttmálanum í fjölgreindardegi að hausti	Gæðaráð, Kennarar	Haust 2023	Október 2023	Svót greining eftir fjölgreindardag. Vorskýrslur kennara	90% nemenda hafa tekið þátt í umfjöllun um barnasáttmálann.
Heilsueflandi grunnskóli	Halda betur á lofti þeim þáttum sem áhersla er á hverju sinni	Auka fræðslu og umræðu um forvarnir meðal starfsmanna og foreldra. Efla þátttöku skólasamfélagsins.	Heilsuefling arnefnd	Sept 2023	Júní 2024	Matslistar frá landlæknisembætti - Lífsleikni	Nemendur og starfsmenn taka þátt í hreyfiverkefnum á landsvísu. Heilsutengd mál rædd í skólaráði.

Árangur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
1	Nemandinn er virkur þátttakandi í mati á eigin framförum, m.a. með leiðsagnarmati sem byggist á markmiðum og viðmiðum.	Lögð áhersla á leiðsagnarmat. Kennarar ræða markmið náms við nemendur - bæði nemendur og kennarar meta.	Kennarar og gæðaráð	Haust 2023	Mat í nóvember 2023 og apríl 2024	Spurningalistakönnun Kennsluáætlun	Öll bekkjarteymi eldra stigs hafi útbúið verkefni þar sem nemandinn leggur mat á eigin framfarir.
2	Nemendur gera eigin námsáætlanir og setja sér markmið í samvinnu við kennara.	Nemendur fá stuðning og leiðsögn við að skipuleggja eigið nám.	Kennarar	Haust 2023	nóvember 2023 og apríl 2024	Spurningalistakönnun Dæmi um námsáætlanir frá nemendum.	Nemendur á unglíngastigi hafi með stuðningi skipulagt a.m.k. eitt verkefni í nóvember og apríl.
Gæði kennslu	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
1	Nemendur taka þátt í ákvörðunum um viðfangsefni og skipulag í námi hópsins.	-Nemendur á hverju stigi/teymi undirbúa jóladag í desember - Samræða við nemendur um skipulag skólstarfs.	Stjórnendur	Okt 2023	Des 2023	- SVÓT greining á jóladegi bæði meðal nemenda og kennara - Nemendaping í okt	Tilraun um þátttöku nemenda gekk eftir
Skipulag náms	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur

1	Grenndarsamfélag skólans er markvisst nýtt til náms og verkefni nemenda bera þess merki.	Kennarar skipuleggja verkefni þar sem grenndarsamfélagið er nýtt, t.d gönguferð, tengsl við fyrirtæki	Gæðaráð Kennarar	Haust 2023	Vor 2024	Spurningakönnun til kennara og nemenda	Nærumhverfi nýtt a.m.k. tvisvar á skólaári í öllum teymum.
Námsvitund	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
1	Nemendur sýna námi sínu áhuga og eru virkir í kennslustundum.	- Aukin áhersla á verkefni tengd áhugasviði. - Finna persónu- bundnar leiðir með nemendum til að nýta tíma sinn vel	Kennarar	Haust 2023	Fyrir foreldraviðtöl febrúar 2024	Nemendasamtöl Innlit stjórnenda í kennslustundir.	Meiri virkni nemenda í kennslustundum að mati kennara.
Áhugi	Nemendur sýni aukinn áhuga á stærðfræði og náttúrufræði.	- Auka hlutbundna verkefnavinnu í stærðfræði, auka samræður í stærðfræði og verkefni sem byggja á raunverulegum viðfangsefnum. - Gera markmið í náttúrufræði sýnileg og verkefni sem byggja á raunverulegum viðfangsefnum.	Kennarar og stjórnendur	Haust 2023	Vor 2024	Nemendakönnun skólapúlsins 2023-2024	Áhugi á stærðfræði aukist í átt að landsmeðaltali (4,7) Áhugi á náttúrufræði aukist í átt að landsmeðaltali (4,4) Marktæk frávik miðað við landsmeðaltal í báðum þessum flokkum.
Metnaður	Efla þarf þrautseigju meðal nemenda.	Aukið foreldrasamstarf, aukin ábyrgð á eigin námi, verkefni við hæfi	Stjórnendur og kennarar	Haust 2023	Vor 2024	Niðurstöður úr skólapúlsi	Markmið að þrautseigja í námi haldi áfram að aukast og nái landsmeðaltali (4,4).

		og verkefni tengd áhuga.					
Ábyrgð og þátttaka	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
1	Samvinna og stuðningur ríkir innan nemendahópsins.	Aukin foreldrasamskipti, nemendasamtöl, bekkjarfundir „Betri líðan aukin fræðsla”	Stjórnendur, kennarar,	Haust 2023	Vor 2024	Tengslakannanir Skólapúlsinn	Jákvæðar niðurstöður úr tengslakönnunum með tilliti til samskipta. Skólapúls, samsömun við nemendahóp nálgast landsmeðaltal (töluverð bæting verði frá fyrra ári).
Jákvæður skólabragur	Auka ánægju foreldra með nám og kennslu og agastjórnun í skólanum.	- Aukið foreldrasamstarf í tengslum við verkefnið „Betri líðan, aukin fræðsla”	Skólastjórnendur	Haust 2023	Vor 2024	Fundaráætlunum fylgt eftir skólaárið 2023-2024. Skólapúlsinn 2024.	Foreldrakönnun Skólapúlsins sýni að ánægja foreldra með nám og kennslu sé í samræmi við landsmeðaltal (5,4). Að um 80% foreldra telji hæfilegan aga í skólanum skólaárið 2023-2024.
Líðan nemenda	Líðan nemenda: Styrkja sjálfsálit nemenda með það að markmiði að bæta líðan þeirra.	- Vikulegir bekkjarfundir, þar sem áhersla er á að þjálfa góð samskipti - Nemendaviðtöl a.m.k. tvisvar á ári í öllum árgöngum í aðdraganda foreldraviðtala	Umsjónarnefnd, lausnateymi	Ágúst 2023	Júní 2024	Niðurstöður Skólapúls Niðurstöður nemendasamtala	Sjálfsálit í Skólapúlsi fari úr 3.6 í 4.0 (landsmeðaltal 4,2) Vellíðunarþáttur í Skólapúlsi fari í úr 3,3 í 3,8 (landsmeðaltal 4,3) Eineltisþáttur í Skólapúlsi fer úr 6,7 í 6,0 (landsmeðaltal 5,8)

		<ul style="list-style-type: none">- Markviss inn grip gagnvart einstaka nemendum þegar um mikla vanlíðan er að ræða í tengslum við verkefnið „Betri líðan, aukin fræðsla”- Aukin áhersla á foreldrasamstarf- Nemendaping					
--	--	--	--	--	--	--	--

Stjórnun og fagleg forysta

Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
1	Skólinn stendur fyrir fræðslufundi á haustin fyrir fulltrúa foreldra og grenndarsamfélags sem gegna trúnaðarstörfum í stjórnun og ráðum skólans.	Fræðsla fyrir foreldra á haustfundum í tengslum við þróunarverkefnið "aukin fræðsla - bætt líðan".	Stjórnendur	Sept 2023	Sept 2023	Fundur haldinn fyrir foreldra á hverju stigi.	Þrír fræðslufundir að hausti.
2	Lögð er rækt við að segja frá jákvæðum viðburðum eða fréttum.	Fréttabréf til foreldra að lágmarki fjórum sinnum yfir skólaárið. Faglegar fréttir úr skólastarfinu inn á heimasíðuna.	Stjórnendur	Ágúst 2023	Júní 2024	Fjögur formleg bréf send á skólaárinu. Frétt frá einu stigi í hverjum mánuði.	Birting fréttu á heimasíðu og útsend bréf.
3	Innra mat nær til frístundastarfs og gæðaviðmið MMR/Rvkborgar (eða sambærilegt) nýtt til innra og ytra mats.	Frístundastarf metið sem hluti skólastarfs	Stjórnendur og gæðaráð. Forvarnarfulltrúi og forstöðumaður Frístundar.	Haust 2023	Vor 2024	Með matslistum	Niðurstöður matslista jákvæðar

Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
1	Allir sem koma að skólastarfi, þar með talið verktakar undirrita skjal um trúnað og þagnarskyldu. Starfsmönnum og öllum verktökum sem að skólastarfinu koma eru reglulega kynnt lög um persónuvernd og trúnað.	Gera eyðublöð um trúnað og þagnarskyldu aðgengileg hjá ritara skólans. Settar upp orðsendingar við innganga skólans.	Stjórnendur	Haust 2023	Vor 2024	Höfum yfirsýn yfir það fólk sem kemur inn í skólann til lengri eða skemmri tíma.	Settar upp orðsendingar við innganga skólans þar sem fólk er minnt á trúnað og þagnarskyldu.

Lokaorð

Umbótaskýrsla verður leiðarljós í innra mati skólaársins 2023-2024 ásamt þættinum *innra mat*. Nú er búið að fara einn hring í mati á þessum þremur yfirköflum matsþátta samkvæmt menntastefnu Akureyrar. Það eru því spennandi tímar framundan og það verður gott að endurtaka matsþætti nú þegar aðilar í gæðaráði eru reynslunni ríkari. Verkefni framundan eru að yfirfara matsáætlun, og skerpa á hvernig meta á *innra matið* í Oddeyrarskóla. Svo þarf að gera ítarlega og vel tímasetta starfsáætlun fyrir gæðaráð til að vinna að umbótum næsta skólaárs.

Vinna gæðaráðs í Oddeyrarskóla gekk vel. Í gæðaráði voru auk stjórnenda fulltrúar tveir fulltrúar kennara en aðeins einn seinni hluta skólaársins. Haldnir voru fundir vikulega og var starfsáætlun gæðaráðs fyrir skólaárið leiðarstef þeirra funda. Gæðaráð fékk utanaðkomandi stuðning gegnum Ásgarð sem gagnaðist vel.

Verklag við innra mat hefur tekið nokkrum breytingum síðustu skólaár með tilkomu gæðarás í skólanum eins og öllum grunnskólum Akureyrar. Nokkurn tíma tók að móta umgjörð innra matsins og hvaða leiðir og þætti í mati ættu að ráða ríkjum. Eldri vorskýrslur, eða innra mats skýrslur skólans, hafa allt annað yfirbragð en þessi þar sem ákveðið var að stilla innra matinu upp í samræmi við gæðaviðmið Akureyrarbæjar um mat á skólastarfi.

Skýrsluna rituðu fyrir hönd gæðaráðs 28. júní 2022:

Anna Bergrós Arnarsdóttir

Fjóla Kristín Helgadóttir

Margrét Aðalgeirsdóttir